

50. fundur stjórnar Brunavarna á Austurlandi , Borgarfirði eystri , 23.11. 2018 kl. 10:30

Mættir stjórnarmenn: Björn Ingimarsson Fljótshéraði , Gauti Jóhannesson Djúpavogshreppi, Hildur Þórisdóttir Seyðisfjarðarkaupstað, Þór Steinarsson Vopnafjarðarhreppi, Lárus Heiðarsson Fljótshéraði og Jón Þórarinnsson Borgarfjarðarhreppi.

Einnig mættir: Baldur Pálsson slökkviliðstjóri og Haraldur Geir Eðvaldsson aðstoðarslökkviliðstjóri.

1. Framlög aðildarsveitarfélaga, kostnaðarskipting.

Björn Ingimarsson gerði grein fyrir tillögu að breyttu fyrirkomulagi varðandi kostnaðarskiptingu sem gengur út á það að sveitarfélögin greiði annars vegar grunnframlag sem nemi launakostnaði slökkviliðs í viðkomandi sveitarfélagi og hins vegar hlutdeild í sameiginlegum kostnaði sem reiknast þannig að 50% deilist út frá íbúafjölda og 50% út frá eignamati fasteigna. Eftir nokkrar umræður var framlögð tillaga samþykkt samhljóða.

2. Fjárhagsáætlun 2019.

Slökkviliðsstjóri og aðstoðarslökkviliðsstjóri fóru yfir fjárhagsáætlun fyrir árið 2019 og þær helstu forsendur er hún byggir á. Stjórn samþykkir fyrirbyggjandi fjárhagsáætlun og er slökkviliðsstjóra falið að senda hana aðildarsveitarfélögum til upplýsingar.

3. Slökkvilið á Vopnafirði.

Slökkviliðsstjóri fór yfir samskipti við slökkvilið Vopnafjarðar og greinargerð er send var sveitarstjórn Vopnafjarðar. Þór Steinarsson, sveitarstjóri Vopnafjarðarhrepps fór yfir tillögur er hann hafði sent stjórn um sveigjanlegt fyrirkomulag bakvakta hjá slökkviliðum sveitarfélaganna. Eftir nokkrar umræður var niðurstaðan sú að fresta endanlegri afgreiðslu málsins þar til að brunavarnaráætlun samþykkt af Mannvirkjastofnun liggur fyrir. Gefi sú áætlun tilefni til þess að mismunandi mönnun slökkviliða innan Brunavarna á Austurlandi verði viðhöfð verður breytt samkvæmt því en annars ekki.

4. Reglugerð um slökkvilið.

Slökkviliðsstjóri og aðstoðarslökkviliðsstjóri gerðu grein fyrir stöðu mála. Fram kom m.a. að samskiptin við Mannvirkjastofnun vegna vinnu við brunavarnaráætlun hafa verið jákvæð að undanförunu og gefa tilefni til að nú sjái loks fyrir endan á þeirri vinnu.

5. Önnur mál

Formaður gerði grein fyrir því að slökkviliðsstjóri muni láta af störfum vegna aldurs um mitt næsta ár. Formanni falið að ganga frá því við slökkviliðsstjóra hvernig að starfslokum verði staðið og verður stefnt að því að auglýsa starfið fljótlega á nýju ári en um það verði tekin endanleg ákvörðun á næsta fundi stjórnar.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 12:15

Björn Ingimarsson ritaði fundargerð